



## ÞÁ OG NÚ

1.1.-19.2. 2012

Sýningin **Þá og nú** var sett upp í tengslum við útgáfu *Íslenskrar listasögu* sem gefin var út af Listasafni Íslands og Forlaginu síðasta haust. Sýningin samanstendur af verkum úr safneign Listasafnsins sem endurspeglar þróun íslenskrar nútímamyndlistar frá upphafsárum hennar og til okkar tíma. Sum verkanna teljast til þekktustu listaverka þjóðarinnar en önnur koma sjaldan fyrir sjónir almennings. Á sýningunni eru settar í forgrunn ýmsar þær deilur sem komið hafa upp vegna ólíkra hugmynda manna um listina og hlutverk hennar í gegnum tíðina, enda markar slíkur ágreiningur oftast en ekki ákveðin kaflaskil í listasögunni hverju sinni.

Sýningin veitir ekki aðeins yfirsýn yfir þróun íslenskrar myndlistar og áherslur á hverjum tíma heldur gefur hún um leið innsýn í þær miklu breytingar sem verða á íslensku samfélagi á tímabilinu. Sýningin býður því upp á mikla möguleika tengda kennslu og hentar hún vel fyrir öll skólastig.

Fyrir áramót stóð sýningin í öllum sölum safnsins en hún hefur nú verið framlengd að hluta og verkum frá 1960 til okkar daga verið endurraðað.

Salir 1 & 2



## Í AFBYGGINGU, Libia Castro og Ólafur Ólafsson

1.1.-19.2. 2012

**Libia Castro** (f. 1970) og **Ólafur Ólafsson** (f. 1973) voru fulltrúar Íslands á Feneyjatvíæringnum 2011 og settu þar upp sýninguna *I afbyggingu* sem nú má sjá í Listasafni Íslands. Sýningin samanstendur af verkum þar sem m.a. eru kannaðar þær tilvistarlegu, efnahagslegu og pólitísku áherslur sem eru ríkjandi á Íslandi og víðar í dag. Til þess nota Libia og Ólafur ýmsa miðla, myndbönd, skúlptúra, gjörninga, hljóð, tónlist o.fl. Á meðal verka á sýningunni eru *Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins* (2008–2011) og *Landið þitt er ekki til* (2003–), sem listamennirnir vinna enn að.

Frá því að Libia Castro og Ólafur Ólafsson hófu samstarf sitt árið 1997 hafa þau fengist við ýmiskonar samfélagsleg málefni í list sinni, s.s. hnattvæðingu,

þjóðerni, menningu, fólksflutninga og lýðræði. Þau ferðast víða í tengslum við vinnu sína og leitast ávallt við að vera í virku sambandi við samfélagið þar sem þau vinna, verja þar löngum tíma og rannsaka.

Finna má flöt á sýningunni fyrir alla aldurshópa. Hún getur t.d. verið góður útgangspunktur fyrir samræður við eldri nemendur um samfélag, menningu, hnattvæðingu og þjóðerni. Um leið er áhugavert að velta fyrir sér hlutverki myndlistar með hliðsjón af sýningunni og því hvernig listir geta verið spegill samfélagsins hverju sinni.

Salir 3 & 4



## RÚRÍ yfirlitssýning

3.3.-5.5. 2012

Myndlistarmaðurinn **Rúrí** (f. 1951) hefur fjallað um hverfuleika náttúrunnar og hegðun mannsins gagnvart henni í gegnum list sína í rúma fjóra áratugi. Rúrí snertir á málefnum sem varða alla jarðarbúa og setur spurningarmerki við þau kerfi sem maðurinn hefur skapað til að ná valdi á umhverfinu. Erfitt er að skilgreina list Rúríar en þó má segja að ýmsar heimspekilegar vangaveltur myndi þar rauðan þráð, spurningar tengdar sjálfsmynd, tíma, alheiminum, afstæði og umhverfi.

Rúrí hefur alla tíð unnið með ólíka listmiðla og gert allt frá skúlptúrum, bókverkum, myndbands- og hljóðverkum til innsetninga, gjörninga og gagnvirkra verka. Hérlendis er hún ekki hvað síst þekkt fyrir útilistaverk eins og *Regnbogann* við flugstöðina í Keflavík og *Fyssu* í Grasagarðinum í Reykjavík.

Á yfirlitssýningunni verða til sýnis mörg þekktari verk Rúríar eins og *Regnbogi I* (1983) og *Archive – Endangered Waters* sem vakti verðskuldaða athygli þegar það var sýnt á Feneyjatvíæringnum árið 2003.

Sýningin býður upp á mikla möguleika tengda kennslustarfi á öllum skólastigum. Hún gefur ekki bara góða mynd af starfsferli eins þekktasta samtímalistamanns þjóðarinnar heldur sýnir okkur hvernig nota má listina til að vekja fólk til umhugsunar um ákveðin málefni. Þannig er sýningin tilvalin til að kveikja umræður um umhverfisvernd og ábyrgð mannsins í því samhengi.



Allir salir